

Nr. 062 / 14 Haukur***Strandar við Lundey***

Skipaskr.nr. 1292
Smíðaður: Reykjavík 1973, eik
Stærð: 19 brl. 19,9 bt.
Mesta lengd: 15,65 m Skráð lengd: 13,66 m
Breidd: 3,97 m Dýpt: 1,7 m
Vél: Scania 140 kW, 1984
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 19



Haukur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júlí 2014 var farþegaskipið Haukur á skemmtisiglingu með farþega á Skjálfaflóa. Veður: A, ASA 6-8 m/sek og talsverð norðan undiralda og gott skyggni.

Siglt var frá Húsavík og stefna tekin vestan og síðan norðan Lundeyjar en þegar komið var austur af miðri eyjunni var stöðvað u.þ.b. 150-200 m frá eyjunni til að sýna farþegum fuglalíf. Skipstjóri lagði skipið þannig til að hann bakkaði á hægustu ferð upp í vindinn svo það sneri stefni til eyjarinnar á meðan farþegar tóku myndir.



Haukur á strandstað©Mbl/Alexia

Þegar halda átti ferðinni áfram bakkaði skipstjóri frá ströndinni, lagði stýrið hart í bakborða og setti á ferð áfram til að beygja suður um. Skipið tók víðari beygju en skipstjóri ætlaði og sigldi nær eyjunni svo það strandaði kl. 17:44 á grynningum út frá henni.

Reynt var að bakka af strandstað en þar sem skipið lá flatt fyrir vindi í fjörunni var því hætt fljótlega og eftir lekaleit var kallað eftir aðstoð. Skipverjar ásamt einum farþega

undirbjuggu farþegana til að yfirgefa skipið og gekk það síðan áfallalaust eftir að aðrir bátar komu á strandstað.



Haukur á strandstað við Lundey©Lögregla

Kafari var fenginn á staðinn til að kanna skemmdir og aðstæður neðansjávar áður en skipið var dregið á flot. Hans mat var að best væri að draga það til norðausturs.



Skemmdir (rispur) á bol og hluti skemmda á kælröri©Lögregla


Um kl. 21:00 tókst að losa skipið af strandstað og var því siglt til Húsavíkur þar sem það var tekið á land. Í ljós komu minniháttar skemmdir s.s. rispur, að tróð losnaði á einum stað og utan á liggjandi kælir fyrir aðalvél dældaðist.



Skemmdir á utanborðskæliröri©Lögregla

Við rannsókn kom fram:

- að strandstaður skipsins var $66^{\circ}06'899\text{N}$ og $017^{\circ}21'999\text{V}$. Kortið hér að neðan er úr vöktunarkerfi Vakstöðvar siglinga og sýnir feril Hauks við Lundey ásamt strandstað fyrir vestan hana.



- að skipstjórinn taldi að vindur og alda hefði orsakað það að hann missti stjórn á skipinu enda vindfang þess mikið, sérstaklega vegna mastrana. Hann taldi sig hafa misreiknað aðstæður varðandi rek skipsins;
- að veðurathugun kl. 18:00 á Húsavík var SA 4 og mesti vindur / hviða 6-10 m/s. Á Mánárbakka var á sama tíma N 8 m/s og mesti vindur / hviða 11-15 m/s. Flóð var um kl. 20:00;
- að skipstjórinn hafði mikla reynslu af siglingu seglskipa en við þessar aðstæður voru segl ekki notuð. Hann kvaðst hafa starfað hjá þessari útgerð um tíma en við reglubundna hvalaskoðun frá því í byrjun júní og fengið leiðbeiningar um grynningar við Lundey og þá hafði hann kynnt sér upplýsingar varðandi dýpi á svæðinu;
- að fyrir lágu góðar leiðbeiningar og þjálfunar- og öryggisáætlanir fyrir skipið og áhöfn þess en ekki var til sérstök verklagsregla um öruggar siglingar við Lundey;
- að leiðsögumaðurinn/hásetinn sagðist ekki hafa tekið þátt í björgunaræfingu frá því að hann hóf störf 18. júní en hann hefði tekið þátt í þremur æfingum árið á undan;
- að þetta er í annað skipti sem Haukur strandar við Lundey en fyrra strandið varð 2. ágúst 2012 (*mál nr. 08812*). Það var álit nefndarinnar þá að um óvarlega siglingu á grunnsævi hefði verið að ræða.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var óvarleg sigling á grunnsævi og vanmat skipstjóra á aðstæðum.

Nefndin telur í ljósi reynslunnar óásættanlegt að ekki skuli hafa verið gerðar verklagsreglur um örugga siglingu á leið skipa með farþega á varhugaverðum svæðum.